

Alþingi
Erindi nr. P 135/36
komudagur 26.10.2007



Alþingi
Margrét María Grétarsdóttir
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir

NEYTENDASTOFA


Reykjavík, 26.10.2007
Tilv. 2007/0208 - 0.0.1
TA

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2008 - umsögn

Neytendastofa vísar til bréfs yðar dags. 18. október s.l. varðandi fjárlagafrumvarp ársins 2008. Í bréfi yðar er óskað eftir upplýsingum um áætlaða fjárhagsstöðu stofnunarinnar í árslok 2007. Hér með skal upplýst að áætluð fjárhagsstaða Neytendastofu í árslok 2007 er 301 m.kr. Í rekstraráætlun ársins 2007 var gert ráð fyrir um 18 m.kr. halla en ef framangreind áætlun gengur eftir verður um 5 m.kr. afgangur á árinu 2007. Framangreind niðurstaða skýrist einkum af því að ekki hefur áætlun um ráðningu nýrra sérfræðinga gengið eftir á árinu 2007. Um er að ræða starf sérfræðings á sviði markaðseftirlits á Öryggisviði og sérfræðings á Neytendaréttarsviði sem hafa skal umsjón með reglum er varða gagnsæi markaðarins, verðkönnunum, o.fl. Á árinu 2008 er hins vegar að því stefnt og jafnframt nauðsynlegt að ráða starfsmenn í framangreindar sérfræðingastöður.

Varðandi fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2008 hefur Neytendastofa lagt fram fjárlagatillögur sínar til viðskiptaráðuneytisins þar sem óskað var eftir auknum fjárheimildum annars vegar vegna framkvæmdar á markaðseftirlit, sbr. lög nr. 134/1995, með síðari breytingum og hins vegar vegna reksturs Mælifræðisviðs Neytendastofu, sbr. lög nr. 91/2006, sbr. nefndarálit á 132. löggjafarþinginu sjá þskj. 1416 - 620. mál. Viðskiptaráðuneytið tók undir framangreindar beiðnir stofnunarinnar en við endanlega gerð fjárlagafrumvarpsins hafa þær ekki náð fram að ganga. Að öðru leyti vill Neytendastofa þó hér með því vísa til viðskiptaráðuneytisins fyrirspurnum varðandi fyrirhugaðan fjárlagaramma stofnunarinnar á því ári sem í hönd fer. Óskið þér eftir nánari upplýsingum er undirritaður reiðbúinn til að veita þær eftir því sem unnt er.

Virðingarfyllst
f.h Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Afrit: Viðskiptaráðuneytið